



Áfangalýsing ML

Titill:	Upplifðu Suðurland
Námsgrein:	Ferðamálafræði
Viðfangsefni:	
Skammstöfun:	FERÐ2US05
Þrep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	Í áfanganum er unnið með Suðurland í víðum skilningi. Áhersla er lögð á að áfanginn sé þverfaglegur með aðkomu sérfræðinga á mismunandi fræðasviðum varðandi sérstöðu Suðurlands í víðum skilningi. Sérstaklega er litið til samstarf við bæði Háskólasetur Suðurlands og Markaðsstofu Suðurlands (Upplifðu Suðurland). Skoðað er hvað einkennir Suðurland. Menning, saga, náttúra, jarðfræði og framandleiki. Hvernig það hefur byggst upp og breyst á síðustu áratugum, staður verður til. Einnig er rýnt í hugmyndir er ekki hafa orðið að veruleika / efsaga (e. what if history). Farið er í könnunarleiðangra innan Suðurlands þar sem nemendur móta spurningar út frá áhuga sínum og því sem þeir upplifa. Áfanginn endar með hópferð á einhvern af vinsælustu ferðamannastöðum Íslands hvar upplifun Suðurlands er borin saman við upplifun áfangastaðarins.
Forkröfur:	
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á: ☐ Suðurlandi sem upplifun
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: ☐ átta sig almennt á staðháttum, framandleika, aðgengi, aðstöðu og aðdráttarafli ☐ nýta sér yfirlitsrit, handbækur, heimasíður þ.e. leita ritaðra upplýsinga á sem víðustu sviði ☐ nýta sér nútíma upplýsinga- og samskiptatækni, samfélagsmiðla ☐ lesa úr landakortum, rafrænum kortum og upplýsingum fyrir ferðamenn ☐ lesa í skipulagsáætlanir, framtíðarsýn
Hæfniviðmið:	- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: ☐ vita hvar helst er að finna upplýsingar um land og þjóð, náttúru og staðhætti ☐ þekkja þolmörk svæða og einstakra staða, sjálfbæra nýtingu
Námsmat	Námsmat er fjölbreytt og verkefnaðmiðað sem endurspeglar markmið námskeiðsins